

Ed.

260. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 frá 4. júlí 1942.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klotnað um mál þetta. Minni hlutinn, þeir DP og EE, vilja, að frv. verði samþ., en undirritaðir eru því mótfallnir.

Allt frá því er jarðræktarlögin frá 1936 voru sett, hafa verið uppi miklar deilur um ýmis ákvæði í þeim lögum, en þó alveg sérstaklega um 17. greinina. Sú grein á að koma í veg fyrir verðhækkun bújarða, er beinlínis stafi af jarðræktarstyrknum, en stuðla að hinu, að allir ábúendur bújarðar í nútíð og framtíð njóti sér að tilkostnaðarlausu þeirra umbóta, er jarðræktarstyrkurinn einn hefur orsakað. Lög nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, og lög nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum, ætlast til hins sama um fjárframlög ríkisins eftir þeim lögum.

Að undanfögnu hafa árlega verið borin fram á Alþingi lagafrumvörp í því augnamiði að nema burtu 17. grein jarðræktarlaganna. En lagafrumvörp um breyting eða afnám á fylgifyrákvæðum nýbýlilaganna eða laga um endurbyggingu sveitabýla hafa enn ekki sézt þar. Flokkadrættir voru á Alþingi, þegar jarðræktarlögin voru sett, en samstarf með öllum þingflokkum um setningu hinna laganna. Skoðanamunur hefur að sjálfsögðu valdið miklu um deilur þær, er orðið hafa um 17. gr. jarðræktarlaganna, en þegar háreystin um 17. greinina er borin saman við þögnina um hin lagaákvæðin, vaknar sú hugsun hjá sumum mönnum, að skoðanamunurinn sé ekki svo mikill sem virðast mætti í fljótu bragði. Hitt hefði máské ráðið nokkru um, að einhverjir menn hafi í byrjun haldið, að mál þetta kynni að reynast hentugt áróðursmál.

Meiri hl. landbúnaðarn. er samþykkur tilgangi 17. gr. jarðræktarlaganna og því andvígur þessu frv. Hins vegar teljum við þörf á athugun og umbótum, ekki aðeins á 17. gr. jarðræktarlaganna, heldur einnig og engu síður á fylgifyrákvæðum nýbýlilaganna og laga um framlög úr ríkissjóði til endurbygginga á sveitabýlum, í því augnamiði, að þessi lagaboð nái framvegis enn betur tilgangi sínum en orðið hefur til þessa. Teljum við sjálfsagt, að slík athugun fari fram samtímis. Þá verður það að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að búnaðarþingi gefist þess kostur að gera tillögur til Alþingis um þær breytingar. Leggjum við til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem telja verður eðlilegt og rétt, að ákvæði um styrk úr ríkissjóði til stofnunar nýbýla, til endurbygginga sveitabýla og ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna verði öll athuguð og umbætt samtímis, svo fljótt sem verða má, til þess að tryggja betur en nú er gert, að nefnd ákvæði nái tilgangi sínum, og þar sem jafnframt verður að telja eðlilegt, að búnaðarþingi gefist þess kostur að láta Alþingi í té álit sitt og tillögur um slíkar breytingar, telur deildin ekki ástæðu til frekari afgreiðslu málsins á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. jan. 1943.

Páll Hermannsson,
form., frsm.

H. Guðmundsson.

Kristinn Andrésson.